

GJALDSKRÁ

byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar.

Fyrir þjónustu sem byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar innir af hendi skal innheimta gjöld sem hér segir:

1. gr.

Byggingarleyfisgjald.

Innheimt skal eftirfarandi byggingarleyfisgjald fyrir hverja þá framkvæmd sem byggingarleyfi er gefið út fyrir, sbr. 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki. Innifalið í gjaldinu er lögboðin meðferð byggingarleyfisskyldra erinda, lóðarblöð, yfirferð teikninga, útsetning húss og reglubundið eftirlit eftir því sem við á.

<i>Flokkur A: Íbúðarhúsnæði:</i>	<i>án vsk.</i>
Einbýlishús	252.110 kr.
Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, gjald á hverja íbúð	214.310 kr.
Fjölbýlishús, gjald á hverja íbúð	126.060 kr.
Frístundahús	126.060 kr.
<i>Flokkur B: Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði:</i>	
Gólfplötur allt að 500 fermetrar	252.110 kr.
Gólfplötur á bilinu 500-1.000 fermetrar	504.220 kr.
Gólfplötur yfir 1.000 fermetrum	756.330 kr.
<i>Flokkur C: Önnur hús, hvers konar viðbyggingar, bílageymslu- og gripahús:</i>	
Nýbygging eða viðbygging allt að 40 fermetrar	100.840 kr.
Nýbygging eða viðbygging frá 40-100 fermetrum	151.270 kr.
Nýbygging eða viðbygging yfir 100 fermetrum	252.110 kr.
<i>Flokkur D: Annað:</i>	
Minni háttar breytingar á útliti, innra skipulagi, klæðningu utanhúss o.þ.h.	50.420 kr.
Meiri háttar breytingar á innra skipulagi húsnæðis, s.s. veggjum, lögnum o.þ.h.	126.060 kr.

2. gr.

Leyfisgjöld.

Stöðuleyfi hjólhýsa, báta og annarra muna skv. 1. gr. reglna Ísafjarðarbæjar um útgáfu stöðuleyfa (árgjald)	32.060 kr.
Stöðuleyfi gáma (árgjald)	58.440 kr.
Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðahafa	20.370 kr.
Breyting á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs	28.740 kr.
Afgreiðslugjald byggingarfulltrúa	14.970 kr.
Úttekt vegna meistaraskipta	15.270 kr.
Úttekt vegna byggingarstjórskafta	62.860 kr.
Lóðdagjald	44.910 kr.
Yfirferð aðaluppdráttar	39.970 kr.
Tímavinnugjald við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjórskafta, sbr. 4. gr. gjaldskrárinnar	23.810 kr.
Endurnýjun byggingarleyfis	14.970 kr.
Leyfi til niðurrifs mannvirkja	38.170 kr.
Breyting á skráningu, sbr. 5. gr. gjaldskrárinnar	38.920 kr.

3. gr.

Vottorð.

Byggingarstig húsa	36.870 kr.
--------------------	------------

Afgreiðsla skráningartöflu	40.080 kr.
Afgreiðsla eignaskiptayfirlýsinga, gjald á eignarhlut	skv. reikningi
Af viðameiri eignaskiptayfirlýsingum er heimilt að innheimta tímavinnugjald af þeirri vinnu og kostnaði sem lagt er út í við gerð eignaskiptayfirlýsinga.	

4. gr.

Tímavinnugjald byggingarfulltrúa.

Af viðameiri framkvæmdum er heimilt að innheimta tímavinnugjald af þeirri vinnu sem lagt er út í við gerð úttekta vegna meistara- og byggingarstjóranskípta.

5. gr.

Kostnaður skoðunarstofu.

Sé hönnun mannvirkis sérstaklega vandasöm og/eða umfangsmikil getur byggingarfulltrúi við meðferð byggingarleyfisumsóknar ákveðið að skoðunarstofa annist yfirferð hönnunargagna og úttektir á kostnað eiganda vegna framkvæmdar í heild eða að hluta, sbr. ákvæði í gr. 3.3.1 og 3.3.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

6. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 51. gr. laga nr. 160/2010, um mannvirki.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2026 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1241/2024.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 30. september 2025.

Ísafirði, 30. september 2025.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri.